

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Varand.

1. gr.

Heiti.

Varand er sjálfseignarstofnun og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur og er að öllu leyti sjálfstæð.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Akureyri.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að efla og styrkja uppbyggingu ferðamála í Grýtubakkahreppi. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að styrkir séu greiddir til þeirra verkefna sem sjóðstjórn velur hverju sinni.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Inserto AG, og er stofnframlag félagsins til stofnunarinnar kr. 1.000.000.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð tveimur mönnum til eins árs í senn. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meiri-hluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundar-gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt.

Nr. 1301

19. desember 2012

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn löggiltan endurskoðanda eða tvo skoðunarmenn til að fara yfir reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. desember 2012.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2013